



Þegar mest á reynir

Alþingi www.hjukrun.is
Erindi nr. P 139/725
komudagur 7.12.2010

Reykjavík 6. desember 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fih) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Stjórnin fagnar framkominni tillögu og styður hana heilshugar.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður



hjúkrunarráð FSA

Alþingi
Erindi nr. P 139/956
komudagur 14.12.2010

13. des, 2010

Til
Nefndarsviðs Alþingis,
skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Meðfylgjandi eru frumrit af tveimur umsögnum sem þegar hafa verið sendar í tölvupósti.

Þetta eru:

- X
= 1) Umsögun um þingsályktunartillögu um beina þátttöku fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.
Þingskjal nr: 42 — 41. Lag fram á 139. löggjafarþingi.
- 2) Umsögn um þingsályktunartillögu um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnaskyni. Þingskjal nr: ~~42~~—~~41~~; Lag fram á 139. löggjafarþingi.
8. mail

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar hjúkrunarráðs FSA

Sigríður Sía Jónsdóttir, ljósmóðir
formaður hjúkrunarráðs FSA
Sjúkrahúsinu á Akureyri
Eyrarlandsvegi
600 Akureyri



hjúkrunarráð FSA

13. des, 2010

Til
Heilbrigðisnefndar Alþingis,
skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um beina þátttöku fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Þingskjal nr: 42 — 41. Lag fram á 139. löggjafarþingi.

Stjórn hjúkrunarráð FSA hefur fjallað um þessa tillögu en styður hana ekki í þeirri mynd sem hún er lögð fram.

Rök:

Upplýsingar sem fylgja í greinargerð um hvernig þessi beina þátttaka er hugsuð eru að mati stjórnarinnar óljósar.


- 1) Í upphafi tillögunnar er talað um að „tryggja beina þátttöku fulltrúa sveitafélaga og starfsmanna“ en í greinargerðinni er rakið hvernig stjórnir heilbrigðisstofnana voru skipaðar þar til 2003. Er ætlunin að endurvefja stjórnir heilbrigðisstofnana í sömu mynd?
- 2) Við teljum að skilgreina þurfi betur hvað átt er við með sjúkrastofnanir. Nú þegar eru t.d. stjórnir yfir öldrunarstofnunum þar sem sitja fulltrúar sveitarfélaga, starfsmanna og vistmanna.

Stjórn hjúkrunarráðs styður þau rök sem fram koma í greinargerðinni að mikilvægt sé að efla íbúalýðræði og atvinnulýðræði. Leiðin til þess að okkar mati er að fulltrúi neytenda og fulltrúi starfsmanna taki sæti í framkvæmdastjórn heilbrigðisstofnana, í stað þess að endurvefja stjórnir þeirra. Með því væri stigið stórt skref til að styrkja stöðu nærþjónustu heilbrigðiskerfisins án þess að rýra ábyrgð framkvæmdastjórnar stofnunarinnar.

Með lögunum nr 40/ 2007 var lagt niður starfsmannaráð sjúkrahúsa [heilbrigðisstofnana] þar sem starfshópar áttu fulltrúa (32. gr). Starfsmannaráð tilnefndi síðan fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Við teljum að með því að leggja niður starfsmannaráð hafi farið forgörðum mikilvæg tenging milli starfsmanna og framkvæmdastjórn stofnananna og heillaskref væri að endurvefja starfsmannaráð stofnana og fulltrúa þeirra í framkvæmdastjórn.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar hjúkrunarráðs FSA


Sigríður Sía Jónsdóttir, ljósmóðir
formaður hjúkrunarráðs FSA
Sjúkrahúsinu á Akureyri
Eyrarlandsvegi
600 Akureyri

Alþingi
Erindi nr. P 139/836
komudagur 9.12.2010



Heilbrigðisstofnun
Suðurlands

Selfossi, 09.12. 2010.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 -10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 41. mál.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) hefur fjallað um þingsályktunina og veitir eftirfarandi umsögn um hana:

Ástæður breytinga á heilbrigðislögum, sem fólu í sér, að stjórnir heilbrigðisstofnana voru lagðar niður á sínum tíma, voru eflaust ýmsar.

Heilbrigðisstofnanir voru ríkisstofnanir og rekstur þeirra var fjármagnaður með fjárveitingum úr ríkissjóði. Mikil áhersla var því lögð á, að saman færi stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð. Framkvæmdastjórnar voru ráðnir af heilbrigðisráðuneyti og áttu að bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri stofnana í samræmi við lög og reglur um fjárreiður ríkisins. Starfsmannalög kváðu á um réttindi og skyldur forstöðumanna.

Of mörg dæmi voru um, að stjórnir heilbrigðisstofnana tóku ekki tillit til framangreindrar ábyrgðar. Einnig að einstaka stjórnarmenn voru of tengdir einstökum málum eða starfsmönnum til að þeir gætu talist hæfir til að fjalla um viðkomandi mál. Því olli þetta fyrirkomulag í ýmsum tilfellum verulegum stjórnunarerfiðleikum á ýmsum stofnunum, jafnvel árum saman, til verulegs skaða fyrir viðkomandi stofnanir.

Í greinargerð með þingsályktuninni er fullyrt, að hvergi sé í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu gert ráð fyrir aðkomu starfsmanna eða sveitarstjórna að skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar. Í því sambandi má benda á, að í 12. gr. núg. laga er kveðið á um upplýsinga- og samráðsfundi með starfsmönnum, sveitarstjórnnum og notendum þjónustunnar.


Í 13.gr.er kveðið á um fagráð starfsmanna, sem skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnana. Skylt er að leita álits fagráða um mikilvægar ákvarðanir, sem varða heilbrigðisþjónustu stofnana.



Á HSu eru haldnir starfsmannafundir eftir þörfum, ýmist fyrir stofnunina í heild eða einstakar deildir, ekki síst þegar brýn og mikilvæg mál eru til umfjöllunar. Gott samstarf og samráð er við sveitarstjórnir á þjónustusvæðinu, ekki síst við Samband sunnlenskra sveitarfélaga, SASS, eins og berlega hefur komið í ljós að undanfögnu. Á stofnuninni eru starfandi lækna-, hjúkrunar- og ljósmæðraráð, sem ávallt er leitað til varðandi breytingar og skipulag heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu.

Framkvæmdastjórn HSu telur ekki þörf á að breyta lögum um heilbrigðisþjónustu m.t.t. framangreindra atriða. Með tilliti til stöðugt vaxandi krafna um, að stofnanir hagi starfsemi í samræmi við fjárlög er mikilvægt að saman fari stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð. M.t.t. fyrri reynslu telur framkvæmdastjórnin, að skipun stjórna, sem draga úr slíkri ábyrgð, sé ekki til að stuðla að því, að uppfylltar verði kröfur um að fjárlögum verði fylgt í rekstri stofnana.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,


Magnús Skulason, forstjóri.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2010
Tilv. 40.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41. mál


Landspítala barst til umsagnar tillaga heilbrigðisnefndar Alþingis til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Óskað var eftir að svör bærust fyrir 6. desember 2010 en Landspítali fékk frest til 9. desember 2010. Eftirfarandi eru athugasemdir Landspítala.

Samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu er starfandi ráðgjafanefnd sem hefur það hlutverk að tryggja tengsl Landspítala við þjóðfélagið og styðja starfsemi hans. Hún er m.a. skipuð fulltrúum notenda þjónustu spítalans og er til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans og skal fjalla um starfs- og fjárhagsáætlanir sem og langtímastefnu Landspítala. Ekki verður því séð hvaða tilgangi það þjónar að skipa aðra nefnd með sama eða sambærilegt hlutverk.

Almennt verður að telja að skipun nýrra stjórnna yfir heilbrigðisstofnanir sé afturhvarf til fyrri tíma þegar stjórnir voru yfir ríkisstofnunum. Slík ráðstöfun gengi jafnframt stefnu undanfarinna ára um að gera stjórnun stofnana ríkisins skilvirka og sveigjanlega. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að heilbrigðisstofnanir eins og aðrar ríkisstofnanir fá nú þegar allt það aðhald sem þær þurfa frá viðkomandi fagráðuneytum og alþingismönnum, sem m.a. hafa litið á sig sem fulltrúa sinna kjördæma, auk þess sem opinberar eftirlitsstofnanir fylgjast grant með öllum þáttum starfseminnar. Í því sambandi má nefna ríkisendurskoðun, Vinnueftirlit ríkisins, Geislavarnir ríkisins, heilbrigðiseftirlit o.fl.

Einnig ber að hafa í huga að ýmsum þætti það skjóta skökku við á þessum miklu niðurskurðar- og hagræðingartímum að fara að bæta við yfirbyggingu heilbrigðisstofnana enn einu eftirlits- og eða stjórnunarlaginu með tilheyrandi kostnaði. Með vísan til framanritaðs telur Landspítali ekki ástæðu til að settar verði sérstakar stjórnir yfir heilbrigðisstofnanir umfram það sem núgildandi lög kveða á um.

Virðingarfyllt,


Björn Zoëga, forstjóri Landspítala



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 139/326
komudagur 22. 11. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 19. nóvember 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41.mál.

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreinda tillögu til umsagnar. Félagið vill í þessu samhengi benda á mikilvægi þess að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna á landsvísu.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA

Alþingi
Erindi nr. P 139/1349
komudagur 16.2.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t Heilbrigðisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvammstanga 14. febrúar 2011

Efni: Umsögn SSNV um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) sem haldinn var á Blönduósi þann 8. Febrúar s.l var m.a tekin til umsagnar tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41. Mál. Eftirfarandi var fært til bókar undir þeim lið.

Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 41. mál. Stjórn SSNV tekur undir efnisatriði tillögunnar og mælir með samþykkt hennar. Þá ítrekar stjórnin mikilvægi aðkomu sveitarfélagana að skipulagi og ákvarðanatöku að veitingu heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri